

Minnisblað

Frumvarp um breytingar á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar (brottfall 1. mgr. 12. gr.).

Á fundi atvinnuveganefndar var óskað eftir eftirfarandi upplýsingum yfir þau hitaveituverkefni sem eru í gangi í dag og hver séu væntanleg auk mats á áhrifum þess að miða stofnstyrki skv. 1. mgr. 12. gr. laganna við "allt að tólf ára" í stað "allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum".

Umsögn

Um 90% Íslendinga búa svo vel að hafa aðgang að ódýrum og umhverfisvænum jarðhita í formi jarðvarmaveitna. Um 10 prósent landsmanna hafa hinsvegar ekki aðgang að þessari auðlind og þurfa að notast við rafhitun eða olíu. Slík hitun er margfalt dýrari og til að koma í veg fyrir að lítill hluti landsmanna þurfi að greiða margfalt hærra verð fyrir upphitun íbúðarhúsnæðis er raforka og olía til hitunar niðurgreidd að hluta.

Hver kWst af raforku er verðmætari en hver kWst af heitu vatni og talsverð verðmætasóun í raun fólgin í því að nýta raforku til hitunar. Þessi staðreynd kristallast í skattkerfinu þar sem raforka til hitunar ber ekki sömu skattprósentu og raforka til almennra nota þó að enginn eðlismunur sé á kílówattstundinni sem slíkri. Hver kWst sem skilgreind er til almennrar notkunar ber 25,5% VSK. Hinsvegar ber hver kWst til rafhitunar aðeins 7% VSK.

Þjóðhagslegur sparnaður jarðvarmaveitna byggist því ekki einungis á lægri niðurgreiðsluþörf ríkis heldur einnig þeirri staðreynd að hver kWst af raforku sem sparast við rafhitun má nota í annað og því má segja að raforkusparnaður með jarðvarmaveitum sé einnig ein ódýrasta leiðin til að "virkja" eða losa um græna raforku til annarrar uppbyggingar.

Þegar fjallað er um stofnsyrki til hitaveitna verður að leggja áherslu á að „útgjöld“ ríkis vegna stofnstyrkja er ólík hefðbundnum útgjöldum þar sem um fyrirframgreiðslu framtíðarniðurgreiðslna er að ræða og eftir ákveðin tíma verða heildaráhrif á útgjöld ríkissjóðs núll og eftir það fer ríkissjóður að spara miðað við fyrra fyrirkomulag.

Upphæð stofnstyrkja miðast við þær niðurgreiðslur sem sparast við framkvæmdina. Með hækkandi verðlagi hefur kostnaður við hitaveituf framkvæmdir hækkað. Upphæð niðurgreiðslna hefur hinsvegar ekki hækkað sem nemur hækkun verðvísitölu neysluverðs. Þetta þýðir með öðrum orðum að 8 ára stofnstyrkur í dag er lægri að raungildi en 8 ára stofnstyrkur var árið 2005. Meðalupphæð niðurgreiðslna þyrfti að hækka um tæplega 50% til að halda í við verðvísitölu. Að lengja 8 ára eingreiðslu í 12 ár samsvarar því að stofnstyrkur til hitaveitna yrði uppfærður í samræmi við almennar verðhækkanir.

Þar sem eðli jarðvarmaveituframkvæmda er að þeim fylgir hár stofnkostnaður en lágur rekstrarkostnaður ættu hærri stofnstyrkir að vega þungt í hagkvæmni slíkra framkvæmda. Til að tryggja enn frekari jarðvarmavæðingu er lagt til að viðmiðunartími stofnstyrkja verði rýmkaður. Starfshópur um endurskoðun á niðurgreiðslum til húshitunar lagði til að sérstök nefnd sérfræðinga meti stofnstyrkjaþörf hversrar framkvæmdar fyrir sig og verði heimilt að lengja stofnstyrkjaframlagið í allt að 12 ár ef þörf krefur. Ekki er víst að allar framkvæmdir þurfi meira en 8 ára eingreiðslu til að ná hagkvæmni og því skynsamlegt að binda ekki tímabilið algerlega niður.

Núverandi kerfi rúmar hinsvegar ekki stærri jarðvarmaframkvæmdir og stofnstyrkir hafa í einstaka tilfellum misst ákveðna vigt þegar dreifa hefur þurft greiðslum þar sem upphæð fjárlagaliðarins hefur engan veginn staðið undir fjárþörfinni. Rýmri viðmiðunartími stofnstyrkja mun hækka þá framtíðarupphæð sem fer eingreiðslur til stækkunar eldri hitaveitna og/eða til nýrra hitaveitna. Því þyrfti fjármögnun hitaveituframkvæmda og jarðhitaleitar að vera með öðrum hætti til að tryggja að stofnstyrkir nýtist sem best og geti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Þar sem umfang hitaveituframkvæmda er mjög breytilegt milli ára þyrfti umsýsla jöfnunargjaldsins að vera í gegnum sjóð sem greitt gæti út hærri upphæðir til einstakra verkefna en sem nemur árlegum tekjum en safnað í sjóð þess á milli. Orkusjóður væri kjörinn vettvangur fyrir slíkt en í dag þjónustar hann m.a. jarðhitaleit og lán til vinnsluborana. Slíkt fyrirkomulag gæti einnig stutt við aðrar framkvæmdir sem stuðla að minni rafhitun eins og stærri varmadæluverkefni ef einhver slaki verður í hitaveituframkvæmdum.

Staða verkefna

Orkustofnun hefur tekið saman eftir sveitarfélagsnúmerum hvað er að gerast í hitaveituframkvæmdum eftir stöðu verkefna en þau skiptast í eftirfarandi flokka.

A: Stækkun hitaveitna

B: Nýjar hitaveitur

Í neðanskráðri samantekt er sýnd þau áhrif sem lenging eingreiðslutímabilsins hefur á útgjöld ríkissjóðs en á móti lækka niðurgreiðslur sem nemur 33,1 mkr/ári. vegna stækkunar hitaveitna og um 75,5 mkr/ári. vegna nýrra hitaveitna.

A: Stækkun hitaveitna

Stækkunir hitaveitna er í flestum tilfellum í dreifbýli þótt undantekning sé þar á t.d. með lagningu hitaveitu frá Blönduós til Skagastrandar. Í töflu 1 eru sýndar þær stækkunir sem eru í gangi eða fyrirhugaðar.

A: Stækkun á núverandi hitaveitum	Sveitafélags númer	Fj. veitna m/ngr.	8. ára eingreiðsla M.kr	12. ára eingreiðsla M.kr
Hitaveita út frá Hvammtanga	5508	28	30,4	45,6
Blönduós til Skagastrandar	5609	235	165,5	248,2
Skagafjarðarveitur	5200	27	23,6	35,4
Norðurorka / Eyjafjarðarsveit	6513	9	8,0	12,0
Hitaveita í Mývatnssveit stækkun	6607	15	13,7	20,6
Hitaveita Egilsstaða	7620	24	23,8	35,7
Samtals:		338	265	397,5

Tafla 1: Stækkun hitaveitna

Hluti af ofanskráðum verkefnum tengjast sóknaráætlun fyrir Norðurland vestra og þar er, skv. fyrirbyggjandi gögnum, fjárvöntun vegna hitaveituframkvæmda út frá Hvammstanga og lagningu hitaveitu til Skagastrandar. Ríkissjóður hefur þegar veitt 80 mkr., í gegnum fjárukalög, til lagningar hitaveitu til Skagastrandar og sveitarfélagið 150 mkr. Enn vantar að mæta fjárþörf vegna hitaveitu út frá Hvammstanga. Önnur verkefni hér nefnd spjara sig með 12 ára eingreiðslu. Eitthvað er um minni framkvæmdir að ræða hjá starfandi hitaveitum um allt land en í flestum tilfellum er um fáa nýja notendur að ræða og verða þau verk ekki tíunduð hér.

Möguleikar á nýjum hitaveitum fer fækkandi og ræðst af tvennu. Í fyrsta lagi opinberum stuðningi og lengingu eingreiðslutímabilsins. Þó geta einhverjar hitaveitur orðið að veruleika án þess að eingreiðslutímabilið þurfi að fara upp í 12 ár. Ræðst það m.a. af stærð hitaveitusvæðisins og fjarlægð uppsprettu frá notendum. Í töflu 2 eru eingöngu þau verkefni sem eru komin það langt í undirbúninga að réttlætjanlegt sé að nefna þau en hinsvegar hefur endanleg ákvörðun ekki verið tekin hjá viðkomandi framkvæmdaraðilum þótt verkin séu öll í ákveðnum vinnsluferli.

B: Nýjar hitaveitur	Sveitafélags númer	Fj. veitna m/ngr.	8. ára eingreiðsla M.kr	12. ára eingreiðsla M.kr
Kjósahreppi	1606	77	77,9	116,9
Tálknafjörður	4604	107	62,9	94,5
Hólmavík	4911	159	94,9	142,3
Húnaþing vestra (Hrútafjörður)	5508	30	30,9	46,4
Höfn í Hornafirði	7708	716	337,9	506,9
Samtals:		1089	604,5	906,95

Tafla 2: Nýjar hitaveitur

Skýringar:

- Kjósahreppur hefur fengið lán hjá Orkusjóði til að bora vinnsluholu
- Tálknafjörður hefur fengið lán hjá Orkusjóði til að bora vinnsluholu
- Hólmavíkurverkefnið er óljóst af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi er borholan í landi einkaaðila og styrkir tengdir jarðhitaleit á þeirra ábyrgð. Í öðru lagi eru vangaveltur um lagningu aðveitar til Hólmavíkur.
- Hitaveita í Hrutafirði frá Reykjum til suðurs og norður er hluti af sóknaráætlun fyrir Norðurland vestra
- Verkefnið á Höfn er einna óljósast hvað varðar stofnkostnað og hugsanlega fjárþörf. Samningar um afnot af vatnsréttindum liggja fyrir verkefnið á Höfn og þar liggur hagkvæmnin að hluta til í því að það er fjarvarmaveita til staðar, þannig að stofnkostnaður við dreifikerfið verður yfirþyrmandi.